

Skólaráð Naustaskóla

6. fundur ársins 2014 - þann 19. maí 2014

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Gísli Rúnar Magnússon, Vaka Óttarsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Halla Jóhannesdóttir, Guðrún Huld Gunnarsdóttir og Dögg Stefánsdóttir.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. **Ráðningar kennara og deildarstjóra.** Lögð fram tillaga að ráðningu starfsmanna og uppstillingu í teymi fyrir næsta vetur. Aðalheiður Skúladóttir verður ráðin deildarstjóri. Brynja, Guðrún Inga, Kristín, Þórunn og Þorsteinn verða endurráðin kennarar (voru með tímabundnar ráðningar) en nýir starfsmenn eru Gréta Björk Halldórsdóttir, Björn Benedikt Benediktsson, Stefán Guðnason, Særún Magnúsdóttir og Árni Hrólfur Helgason. Auglýst verður staða námsráðgjafa / verkefnisstjóra Jákvaðs aga en einnig verður auglýst að nýju eftir sérkennara / þroskaþjálfara og leitað eftir aðila með reynslu af grunnskólastarfi. Nokkrar umræður áttu sér stað um ýmsar forsendur og tilhögun en engar athugasemdir gerðar við tillöguna.
2. **Innkaup námsgagna.** Ákveðið að hafa sama hátt og undanfarin ár við innkaup námsgagna fyrir hönd foreldra.
3. **Námsvershugmyndir.** Rætt um fyrirkomulag „stoðkennslu“ næsta vetur en við niðurröðun kennslumagns hefur verið lagt kapp á að tryggja aðkomu „stoðkennara“ að hverju teymi. Væntanleg niðurröðun í húsið þ.e. að 2.-5. bekkur deili rými og eins 6.-10. bekkur, gefur tækifæri til eins konar námsversútfærslu en þetta býður nánari umræðu með væntanlegum kennsluteyimum.

Fleira ekki tekið fyrir, næsti fundur áætlaður miðvikudaginn 11. júní kl. 8:00.

Ágúst ritaði fundargerð.